

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Deiliskipulag vinnubúða Bjarnarflagsvirkjunar í Mývatnssveit.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. september 2013 deiliskipulag vinnubúða Bjarnarflagsvirkjunar sem settar verða upp vegna framkvæmda við Bjarnarflagsvirkjun á fyrrum lóð Kísiliðjunnar í Mývatnssveit.

Afmörkuð er 4 ha (40.000 m²) lóð fyrir vinnubúðir og aðstöðu framkvæmdaaðila og verktaka. Miðað er við að svæðið geti hýst um 180 manns. Nýting svæðisins undir vinnubúðir er tímabundin ráðstöfun og er gert ráð fyrir því að þær standi á meðan unnið er að uppbyggingu Bjarnarflagsvirkjunar og verði síðan fjarlægðar í lok framkvæmdatíma.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Mývatnssveit, 11. desember 2013.

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2013